

# Aðalfundur Samtakanna '78

3. mars 2019

Suðurgötu 3, 101 Reykjavík

---

Aðalfundur er settur kl. 13:06.

María Helga Guðmundsdóttir formaður opnar fundinn og býður gesti velkomna.

## 1

Fyrir er tekinn fyrsti dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **skipan fundarstjóra og fundarritara.**

Formaður leggur til að Dóra Björt Guðjónsdóttir forseti borgarstjórnar Reykjavíkurborgar verði fundarstýra og að Gísli Garðarsson dómritari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur verði fundarritari.

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt með lófataki.

Fyrsti dagskrárliður telst afgreiddur.

## 2

Fyrir er tekinn annar dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **lögmæti aðalfundar staðfest.**

María Helga Guðmundsdóttir formaður lýsir því yfir að aðalfundur skoðist lögmætur m.t.t. þeirra skilyrða sem sett eru fram í lögum félagsins. Ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Annar dagskrárliður telst afgreiddur.

### 3

Fyrir er tekinn þriðji dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **skýrslur stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa.**

María Helga Guðmundsdóttir formaður kynnir *Starfsskýrslu Samtakanna '78 starfsárið 2018-2019*. Skýrslan er ítarleg og liggur fyrir fundinum bæði í prentuðum eintökum en einnig má hana finna inni á vef Samtakanna undir "Skjalaskápur" – "Ársskýrslur".

Kallað er eftir athugasemdum og fyrirspurnum úr sal en þær berast ekki.

Þriðji dagskrárliður telst afgreiddur.

### 4

Fyrir er tekinn fjórði dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar.**

Sigurður Júlíus Guðmundsson gjaldkeri kynnir ársreikninga félagsins fyrir almanaksárið 2018.

Fyrirspurnum og stuttum athugasemdum úr sal er svarað munnlega af gjaldkera og Daníel E. Arnarssyni framkvæmdastjóra.

Bent er á að hægt sé að senda framkvæmdastjóra og stjórn tölvupósta eða mæta á skrifstofu ef frekari spurningar eða athugasemdir um fjármál félagsins koma upp í framhaldinu.

Ársreikningar 2018 eru bornir upp til atkvæða.

Samþykkt án mótatkvæða.

Fjórði dagskrárliður telst afgreiddur.

## 5

Fyrir er tekinn fimmti dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **fjárhagsáætlun ársins lögð fram.**

Sigurður Júlíus Guðmundsson gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun starfsársins.

Fyrirspurnum og stuttum athugasemdum úr sal er svarað munnlega af gjaldkera og Daníel E. Arnarssyni framkvæmdastjóra.

Bent er á að hægt sé að senda framkvæmdastjóra og stjórn tölvupósta eða mæta á skrifstofu ef frekari spurningar eða athugasemdir um fjármál félagsins koma upp í framhaldinu.

Fimmti dagskrárliður telst afgreiddur.

## 6

Fyrir er tekinn sjötti dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **laga- og stefnuskrárbreytingar.**

Ekki bást fundinum neinar stefnuskrárbreytingatillögur.

Vegna mistaka láðist að birta framkomnar lagabreytingatillögur með lögbundnum fyrirvara. María Helga Guðmundsdóttir formaður leggur til tvær tillögur stjórnar, sem kynntar voru félagsmönnum með tölvupósti og sendibréfi 20. febrúar sl.: annars vegar að boðað verði til framhaldsaðalfundar að loknum lögbundnum fresti til að afgreiða framkomnar lagabreytingatillögur; hins vegar að framkomnum lagabreytingatillögum verði frestað til afgreiðslu næsta reglulega aðalfundar að ári.

Fram fer umræða um tillögur stjórnar.

Fundarstýra bendir á þriðju mögulegu leið, að lagabreytingatillögur verði teknar til afgreiðslu á þessum fundi með afbrigðum.

Óskað er eftir efnislegri kynningu á framkomnum lagabreytingatillögum. Eru þær sýndar með skjávarpa í sal og fundarstýra reifar þær stuttlega.

Úr sal kemur fram tillaga um afbrigði. Hún er tekin fyrir án umræðu þar eð enginn kveður sér hljóðs um tillöguna.

Tillaga um afbrigði er samþykkt án mótatkvæða.

Gert er stutt fundarhlé kl. 14:05 til að fundarmenn geti kynnt sér framkomnar lagabreytingatillögur, þar eð fundarmönnum hafði áður verið tilkynnt að ekki stæði til að afgreiða þær á þessum fundi.

Fundi er fram haldið kl. 14:20.

Ásta Kristín Benediktsdóttir úr kjörnefnd kynnir þrjár framkomnar lagabreytingatillögur frá kjörnefnd Samtakanna '78 og og svarar spurningum úr sal. Enginn kveður sér hljóðs um þær tillögur.

Tekin er fyrir fyrsta lagabreytingatillaga frá kjörnefnd Samtakanna '78 2018, að grein 3.3 verði breytt á þá leið að framboð til stjórnar skuli hafa borist þremur vikum fyrir aðalfund en ekki tveimur. Lagagrein 3.3 hljóði svo:

*3.3 Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þremur vikum fyrir aðalfund. [...]*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Tekin er fyrir önnur lagabreytingatillaga frá kjörnefnd Samtakanna '78 2018, að grein 3.3 verði breytt á þann veg að hægt verði að skila framboðum til trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga þar til aðalfundur hefst en ekki á fundinum sjálfum. Lagagrein 3.3 hljóði svo:

*3.3 Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þremur vikum fyrir aðalfund. Framboðum til stjórnar skal skilað skriflega til kjörnefndar og tilgreina varaframboð ef við á.*

*Frambjóðendur til trúnaðarráðs og skoðunarmanna reikninga skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar fyrir aðalfund og*

*tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir. Öll fyrirliggjandi framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu kynnt á vefsíðu félagsins. Kjörnefnd getur framlengt framboðsfrest ef svo ber undir.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Tekin er fyrir þriðja lagabreytingatillaga frá kjörnefnd Samtakanna '78 2018, að grein 3.6 verði breytt á þann veg að aðeins verði kosið til formanns og stjórnar utan kjörfundar, ekki til trúnaðarráðs. Lagagrein 3.6 hljóði svo:

*3.6 Kjörnefnd tekur við skriflegum utankjörfundaratkvæðum frá félögum með gilt félagsskírteini til kjör formanns og stjórnar frá því að til aðalfundar er boðað þar til aðalfundur hefst.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Formaður kynnir þrjár framkomnar tillögur frá stjórn og trúnaðarráði 2018-9 og svarar spurningum úr sal.

Tekin er fyrir fyrsta lagabreytingatillaga frá stjórn og trúnaðarráði 2018-9, um kjör í sæti stjórnarmeðlims sem hættir á fyrra ári kjörtímabils síns. Lagagrein 3.4 hljóði svo:

*3.4 Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Nú segir stjórnarmeðlimur af sér á fyrra ári*

*kjörtímabils síns og skipar trúnaðarráð nýjan stjórnarmeðlim í hans stað. Skal þá kjörið í umrætt sæti í stjórn á næsta aðalfundi til eins árs. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Fram kemur viðbótartillaga við sömu grein úr sal. Lagagrein 3.4 hljóði svo:

*3.4 Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Nú segir stjórnarmeðlimur af sér á fyrra ári kjörtímabils síns og skipar trúnaðarráð nýjan stjórnarmeðlim í hans stað. Skal þá kjörið í umrætt sæti í stjórn á næsta aðalfundi til eins árs. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu. Bjóði stjórnarmeðlimur á fyrra ári kjörtímabils síns sig fram í annað embætti, skal hann segja af sér stjórnarsetu um leið og nýtt framboð er sett inn.*

Afbrigði um að taka þessa viðbótartillögu úr sal til efnislegrar meðferðar á fundinum eru borin upp til atkvæða.

Samþykkt án mótatkvæða.

Að undangenginni umræðu kemur fram breytingartillaga við viðbótartillögu úr sal. Lagagrein 3.4 hljóði svo:

3.4 Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Nú segir stjórnarmeðlimur af sér á fyrra ári kjörtímabils síns og skipar trúnaðarráð nýjan stjórnarmeðlim í hans stað. Skal þá kjörið í umrætt sæti í stjórn á næsta aðalfundi til eins árs. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu. Bjóði stjórnarmeðlimur á fyrra ári kjörtímabils síns sig fram í annað embætti, skal hann tilkynna afsögn úr stjórn um leið og nýtt framboð er sent inn. Tekur afsögnin gildi eigi síðar en við upphaf aðalfundar.

Breytingatillaga við viðbótartillögu er borin upp til atkvæða.

Samþykkt án mótatkvæða.

Viðbótartillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt án mótatkvæða.

Tekin er fyrir önnur lagabreytingatillaga frá stjórn og trúnaðarráði 2018-9, að fundum trúnaðar- og hagsmunaráðs með stjórn verði fjölgað, að skyldubundnum fundum trúnaðar- og hagsmunaráðs án stjórnar verði fækkað og að röð greina 5.5 og 5.6 verði víxlað. Lagagreinar 5.5 og 5.6 hljóði svo:

5.5 Hagsmunafélög hafa rétt til að skipa tvo fulltrúa í hagsmunaráð. Fulltrúar hagsmunaráðs þurfa að vera gildir meðlimir Samtakanna '78. Fulltrúar hagsmunaráðs þurfa að vera gildir meðlimir Samtakanna '78. Fulltrúar hagsmunaráðs hafa

*rétt til fundarsetu, málfrelsi og tillögurétt á fundum trúnaðarráðs og gæta þar hagsmuna sinna félaga. Hagsmunaráð kemur sér saman um fundarhöld og starfsreglur.*

*5.6 Trúnaðarráð og hagsmunaráð skulu funda með formanni Samtakanna '78 í upphafi starfsárs, sbr. gr. 5.3. Auk þess skulu stjórn, trúnaðarráð og hagsmunaráð funda þrisvar sinnum á ári: í maí, október og janúar. Að auki geta trúnaðarráð og hagsmunaráð fundað svo oft sem þurfa þykir, með eða án stjórnar. Fundir í trúnaðarráði og hagsmunaráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og meirihluti kjörinna fulltrúa sé á fundi. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs og hagsmunaráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

Tekin er fyrir þriðja lagabreytingatillaga frá stjórn og trúnaðarráði 2018-9, um innheimtu félagsgjalda og að stjórn fái meiri sveigjanleika við að skilgreina hópa sem fá afsláttarkjör. Lagagrein 7.1 hljóði svo:

*7.1 Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun stjórnar skulu innheimt í upphafi árs. Ungmenni, nemar og lífeyrisþegar greiða lægra félagsgjald, svo og aðrir hópar, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótaskvæðalaust.

Formaður kynnir framkomna lagabreytingatillögu fyrrum formanna og svarar spurningum úr sal.



Tekin er fyrir lagabreytingatillaga fyrrum formanna, um heimild til greiðslu þóknunar fyrir formannsembætti að fengnu samþykki aðalfundar. Lagagrein 7.5 hljóði svo:

*7.5 Stjórnin hefur umboð til að skipa launað starfsfólk, þar á meðal stjórnarliða. Hefðbundin stjórnarstörf skulu vera ólaunuð. Þó getur stjórn gert tillögu að þóknun fyrir formannsembætti, sem krefst samþykkis á aðalfundi ár hvert.*

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Gert er stutt hlé á fundinum kl. 15:30.

Fundi er fram haldið kl. 15:34.

Fram kemur tillaga úr sal í samræmi við gr. 8.1 í lögum félagsins sem að því lýtur að lagfæra innra misræmi í lögum. Lagagreinar 3.4 og 3.5 hljóði svo:

*3.4 Kosningar fara fram í þessari röð: 1) kjör formanns til eins árs; 2) kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára; 3) kjör tíu einstaklinga í sæti í trúnaðarráði til eins árs; 4) kjör tveggja skoðunarmanna reikninga. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði sínu eða getur þá boðið sig fram í aðra stöðu sbr. gr. 3.3. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.*

*3.5 Dagskrá aðalfundar er:*

*Skipan fundarstjóra og fundarritara*

*Lögmæti aðalfundar staðfest*

*Ársskýrsla fyrra starfsárs*

*Skýrslur stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa*

*Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar*

*Fjárhagsáætlun ársins lögð fram*

*Laga- og stefnuskrárbreytingar*

*Kjör til formanns*

*Kjör til stjórnar*

*Kjör í trúnaðarráð*

*Kjör skoðunarmanna reikninga*

*Afgreiðsla umsókna um hagsmunaaðild*

*Ákvörðun tekin um þóknun til formanns*

*Önnur mál*

Samþykkt mótatkvæðalaust að taka þessar breytingar fyrir í einu lagi.

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Sjötti dagskrárliður telst afgreiddur.

Fundarstýra felur kjörnefnd aðalfundar, skipaða Ástu Kristínu Benediktsdóttur, Álfi Birki Bjarnasyni og Svanfríði Önnu Lárusdóttur, stjórn fundarins tímabundið meðan dagskrárliðir 7-10 eru teknir fyrir.

Kjörnefnd leggur til að ekki verði kosið í þau embætti þar sem fjöldi gilda framboða er ekki umfram fjölda lausra embætta heldur að kjör þeirra verði staðfest með hyllingu.

Tillaga kjörnefndar er samþykkt mótatkvæðalaust.

## 7

Fyrir er tekinn sjöundi dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **kjör formanns til eins árs.**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir er ein í framboði til formanns. Að undangenginni kynningu er kjör hennar staðfest með hyllingu.

Sjöundi dagskrárliður telst afgreiddur.

## 8

Fyrir er tekinn áttundi dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **kjör þriggja einstaklinga í stjórn til tveggja ára.**

Marion Lerner, Rósanna Andrésdóttir og Sigurður Júlíus Guðmundsson eru ein í framboði til stjórnar. Að undangengnum kynningum er kjör þeirra staðfest með hyllingu.

Áttundi dagskrárliður telst afgreiddur.

## 9

Fyrir er tekinn níundi dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **kjör tíu einstaklinga í trúnaðarráð til eins árs.**

Ellefu framboð bárust til trúnaðarráðs. Í kjöri eru Agnes Jónasdóttir, Anna Eir Guðfinnudóttir, Ása Elín Helgadóttir, Bjarndís Helga Tómasdóttir, Edda Sigurðardóttir, Einar Þór Jónsson, Elísabet Rákel, Erlingur Sigvaldason, Nicholas Pfoosi, Sigtýr Ægir Kárasón og Særós Rannveig Björnsdóttir.

Gengið er til kosninga.

Kjörstjórn lýsir kosningu lokinni.

Meðan atkvæði eru talin er tíundi dagskrárliður afgreiddur sem og a-, b- og c-liðir ellefta dagskrárliðar.

29 atkvæði voru greidd. Kjörnefnd lýsir réttkjörin í trúnaðarráð: Agnesi Jónasdóttur, Önnu Eir Guðfinnudóttur, Bjarndísi Helgu Tómasdóttur, Eddu Sigurðardóttur, Einar Þór Jónsson, Elísabetu Rákel, Erling Sigvaldason, Nicholas Pfoosi, Sigtýr Ægi Kárasón og Særós Rannveigu Björnsdóttur.

Níundi dagskrárliður telst afgreiddur.

## 10

Fyrir er tekinn tíundi dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **kjör tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs.**

Sigurjón Guðmundsson og Vilhjálmur Ingi Vilhjálmsson eru einir í framboði til stjórnar. Kjör þeirra er staðfest með hyllingu.

Tíundi dagskrárliður telst afgreiddur.

## 11

Fyrir er tekinn ellefti dagskrárliður skv. lögbundinni aðalfundardagskrá félagsins, **önnur mál.**

### *(a) Ósk um hagsmunaaðild*

Fyrir fundinum liggja fyrir óskir tveggja félaga um hagsmunaaðild að Samtökunum '78, annars vegar Félags ása á Íslandi og hins vegar Trans vina – hagsmunasamtaka foreldra og aðstandenda transbarna og ungmenna á Íslandi.

Formaður Félags ása á Íslandi kynnir félag sitt stuttlega.

Ekki er kynnt félagið Trans vinir – hagsmunasamtök foreldra og aðstandenda transbarna og ungmenna á Íslandi.

Fundarstýra ber upp tillögu um að kosningar fari fram með handauppréttingum.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Hagsmunaaðild Félags ása á Íslandi er borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

Hagsmunaaðild Trans vina – hagsmunasamtaka foreldra og aðstandenda transbarna og ungmenna á Íslandi er borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

*(b) Sjálfboðaliðastefna Samtakanna '78*

Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóri kynnir tillögu að sjálfboðaliðastefnu Samtakanna '78, svarar spurningum úr sal og stýrir umræðu um tillöguna.

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

*(c) Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi*

Daníel E. Arnarsson framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir skjal um vinnu hóps sem starfar að aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.

Til stóð að leggja áætlunina fyrir fundinn en vinnu við hana er ólokið. Framkvæmdastjóri kallar eftir viðbrögðum fundarins við því sem þó liggur fyrir svo taka megji vilja aðalfundar til greina við áframhaldandi vinnu og svo að félagsmenn geti haft áhrif á hana.

Á fundinum fer fram almenn umræða um skjalið og áætlunina.

*(d) Jafnréttis- og umhverfisstefna Samtakanna '78*

María Helga Guðmundsdóttir formaður kynnir tillögu að jafnréttis- og umhverfisstefnu Samtakanna '78.

Tillagan er borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

*(e) Tillaga að þóknun fyrir formannsembætti starfsárið 2019-20*

Fyrir fundinum liggur fyrir eftirfarandi tillaga, sem fylgdi lagabreytingatillögu fyrrum formanna:

*Á starfsárinu 2019-20 verði formanni greidd mánaðarleg þóknun að upphæð 40.000 krónur.*

Tillögunni fylgir greinargerð.

Að undangenginni stuttri umræðu er tillagan borin upp til atkvæða.

Samþykkt mótatkvæðalaust.

*(f) Ræða stjórnar*

Sigurður Júlíus Guðmundsson gjaldkeri flytur ræðu fráfarandi stjórnar.

María Helga Guðmundsdóttir fráfarandi formaður flytur fundinum ræðu.

*(g) Ræða nýkjörins formanns*

Nýkjörinn formaður Þorbjörg Þorvaldsdóttir lýkur fundinum með ræðu.

Ellefti dagskrárliður telst afgreiddur og þar með er dagskrá tæmd.

Aðalfundi er slitið kl. 16:53.

---

*Dóra Björt Guðjónsdóttir fundarstýra*

---

*Gísli Garðarsson fundarritari*